



LAGNING BÚÐAFOSSVEGAR MILLI ÞJÓRSÁRDALSVEGAR OG LANDVEGAR

Matsskyldufyrirspurn

17.11.2025



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

103161-SKY-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/38

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUÐA

Einar Már Magnússon

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Páll Bjarnason

LYKILORD

Tilkynning, matsskyldufyrirspurn, mat á umhverfisáhrifum, Búðafossvegur.

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Drög
☐ Drög til yfirlestrar
☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Lagning Búðafossvegar milli Þjórsárdalsvegar og Landvegar - Matsskyldufyrirspurn

VERKHEITI

Búðafossvegur

VERKKAUÐI

Vegagerðin

HÖFUNDUR

Anna Rut Arnardóttir

ÚTDRÁTTUR

Vegagerðin fyrirhugar lagningu nýs vegar, Búðafossvegar, á milli Þjórsárdalsvegar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Landvegar í Rangárþingi ytra, og gerð nýrrar brúar yfir Þjórsá.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu sbr. tölulið tölulið 10.08 um lagningu nýrra vega í viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdaraðili óskar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin sé háð umhverfismati.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Anna Rut Arnardóttir	7.11.25	Einar Már Magnússon	11.11.25	Anna Rut Arnardóttir	13.11.25

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	9
2	FRAMKVÆMD OG FRAMKVÆMDARSVÆÐI	11
2.1	Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið	11
2.2	Helstu upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd	11
2.2.1	Vegur	11
2.2.2	Brú	12
2.2.3	Efnistaka	12
2.2.4	Frágangur	13
2.2.5	Vinnubúðir	13
2.2.6	Rekstur	13
2.3	Framkvæmdartími	14
2.4	Staðsetning og staðhættir	14
2.4.1	Vegsvæði	14
2.4.2	Brúarstæði	15
2.5	Valkostir	16
2.6	Skipulag	18
2.6.1	Landsskipulagsstefna	18
2.6.2	Aðalskipulag Rangárpings ytra	18
2.6.3	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps	18
2.6.4	Deiliskipulag	19
2.7	Leyfisveitingar	19
3	HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	20
3.1	Matsskylda framkvæmdar	20
3.2	Umhverfisþættir	22
3.3	Landslag og ásjúnd	23
3.3.1	Niðurstöður	24
3.4	Gróðurfar	24
3.4.1	Niðurstöður	25
3.5	Fuglalíf	27
3.5.1	Niðurstöður	27
3.6	Jarðmyndanir	27
3.6.1	Niðurstöður	28
3.7	Vatnshlot	28
3.7.1	Niðurstöður	31
3.8	Náttúruminjar	31
3.8.1	Niðurstöður	31
3.9	Menningarminjar	31
3.9.1	Niðurstöður	32
3.10	Samfélag	34
3.10.1	Niðurstöður	34
4	MÓTVÆGISADGERÐIR	35

5	NÍÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT _____	36
6	HEIMILDARSKRÁ _____	37

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði Búðafossvegjar.	10
MYND 2.1	Veglína Búðafossvegjar og tengivegir.	12
MYND 2.2	Fyrirhuguð brú yfir Þjórsá. Séð frá bakkanum sunnanmegin árinna.	12
MYND 2.3	Horft til norðvesturs yfir framkvæmdarsvæðið frá Rangárþingi yfir í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Neðst á mynd er bærinn Vindás.	14
MYND 2.4	Til vinstri: Norðurendi framkvæmdasvæðis, tenging Búðafossvegjar við Þjórsárdalsveg, horft til suðurs frá Þjórsárdalsvegi. Til hægri: Suðurendi framkvæmdasvæðis, tenging Árneshvegjar við Landveg, horft til norðurs frá Landvegi.	15
MYND 2.5	Fyrirhuguð brúarstæði við Þjórsá. Mynd er tekin sunnan megin árinna í norður.	15
MYND 2.6	Valkostir sem skoðaðir hafa verið fyrir staðsetningu Búðafossvegjar. Appelsínugul lína sýnir þann kost sem hefur verið valinn og sem fjallað er um í þessari matsskyldufyrirspurn.	17
MYND 3.1	Líkanmynd sem sýnir fyrirhugaða brú yfir Þjórsá, séð frá syðri bakka árinna í norðvesturátt. Mynd: EFLA.	23
MYND 3.2	Líkanmynd sem sýnir fyrirhugað hringtorg við Þjórsárdalsveg og veglínu Búðafossvegjar, til suðurs. Mynd: EFLA.	24
MYND 3.3	Vistgerðir við fyrirhugað framkvæmdasvæði Búðafossvegjar samkvæmt vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.	26
MYND 3.4	Mynd A sýnir útreiknaðan straumhraða við brúarstæðið miðað við óraskaðar aðstæður við 420 m ³ /s (meðalrennsli að sumri). Mynd B sýnir útreiknaðan straumhraða á sama stað og sama rennslisraða eftir að 204 m löng brú hefur verið byggð. Mynd: Verkís, 2024 (viðauki A).	30
MYND 3.5	Tóft í landi Vindáss í Rangárþingi ytra sem grafin var upp í heild sinni. Tóftin kemur til með að víkja vegna framvæmda við Búðafossveg. Mynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir (viðauki Í).	32
MYND 3.6	Úttektarsvæði vegna fornleifaskráningar og skráðar fornleifar (viðauki I).	33

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 3.1	Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.	20
TAFLA 3.2	Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.	21
TAFLA 3.3	Vatnshlot sem geta orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af framkvæmdinni. Vatnshlotin eru öll straumvatnshlot.	29
TAFLA 5.1	Niðurstöður framkvæmdaraðila.	36

VIÐAUKAR

- A Straumfræðigreining vegna brúar
- B Fyllingar í árfarvegi
- C Áhrifamat vatnshlota
- D Leyfi Fiskistofu
- E Áætlun um rannsóknir á fiskgöngum í Þjórsá
- F Áætlun um vöktun á lífríki og eðlisefnafræði í Þjórsá
- G Umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna Búðafossvegar, 2022
- H Umsögn Veiðifélags Þjórsár, 2022
- I Fornleifaskráning
- Í Fornleifarannsókn
- J Fornleifauppgröftur á tóft við Markamýri, Vindás
- K Staðfesting Minjastofnunar

1 INNGANGUR

Vegagerðin áformar að byggja nýjan veg á milli Þjórsárdalsvegur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Landvegur í Rangárþingi ytra. Vegurinn mun heita Búðafossvegur (23) og kemur til með að liggja frá nýju hringtorgi á Þjórsárdalsvegi um land Réttarholts og Minna-hofs, um nýja brú yfir Þjórsá og þaðan um land Vindáss og Minni-Valla að Landvegi. Vegurinn verður um 7,4 km langur. Á mynd 1.1 má sjá áætlaða legu vegarins.

Fyrirspurn um matskyldu vegna framkvæmdarinnar var upphaflega send inn til Skipulagsstofnunar árið 2009. Samkvæmt þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 var aðeins efnistaka vegna vegagerðarinnar fyrirspurnarskyld og var niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í fyrirspurninni var gerð grein fyrir Búðafossvegi og legu hans um svæðið en þar sem vegarkafinn var utan þéttbýlis og styttri en 10 km, var hann ekki tilkynningarskyldur til Skipulagsstofnunar og þurfti ekki málsmeðferð skv. lögum 106/2000 við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Gengið var frá samkomulagi við eigendur lands sem Búðafossvegur fer yfir í gildistíð eldri laga. Í kjölfarið voru vegsvæðin stofnuð í fasteignaskrá sem spildurnar Vindás vegstæði, landnr. 219613, Minna-Hof vegstæði, landnr. 231222 og Réttarholt vegstæði, landnr. 231284. Framkvæmdir fóru hins vegar á bið vegna frestunar virkjunarframkvæmda. Vegurinn var síðar færður inn á aðalskipulag sveitarfélaganna og þannig tekin ákvörðun af þeirra hálfu um hvar hann skyldi lagður.

Breyting var gerð á lögum um mat á umhverfisáhrifum árið 2014 sem lagði það á herðar sveitarfélagsins að meta áhrifin af vegarlagningunni við útgáfu framkvæmdaleyfis. Vegagerðin hefur hingað til talið, að þar sem grein var gerð fyrir veginum í matsskyldufyrirspurn í tíð eldri laga og vegurinn hafi á þeim tíma ekki verið tilkynningarskyldur, hafi málsmeðferð skv. lögum 106/2000 í reynd verið lokið. Samkvæmt nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er nú bæði efnistakan og lagning vegarins fyrirspurnarskyld. Samkvæmt mati Skipulagsstofnunar fellur lagning Búðafossvegur nú undir lög 111/2021 og því beri að leggja inn fyrirspurn um matsskyldu, þrátt fyrir að málsmeðferð hafi í reynd hafist í tíð eldri laga. Í fyrri matskyldufyrirspurn frá 2009 var gert ráð fyrir efnistöku úr fimm námum, þar af úr nýju efnistökusvæði við Búða, Búðanámu. Nú er gert ráð fyrir að mikill meirihluti efnis, um 230.000 m³, verði fengið úr frárennslisskurði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar og allt að 60.000 m³ úr Búðanámu. Fyrirspurn um matsskyldu vegna stækkunar Búðanámu úr 50.000 m³ í 60.000 m³ var

send til Skipulagsstofnunar í byrjun árs 2025 og var niðurstaða stofnunarinnar sú að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



MYND 1.1 Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði Búðafossvegar.

2 FRAMKVÆMD OG FRAMKVÆMDARSVÆÐI

2.1 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin. Markmið og tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á milli sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Staðfest var með samningi Landsvirkjunar og Vegagerðarinnar árið 2009 að ráðist yrði í víðtækar vegaumbætur samhliða fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum á svæðinu.


2.2 Helstu upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd

2.2.1 Vegur

Fyrirhuguð er lagning nýs tengivegar, Búðafossvegur (23). Veglína vegarins verður um 7,4 km að lengd og kemur til með að liggja frá Þjórsárdalsvegi (32) vestan við Árnes þar sem gert verður nýtt hringtorg, um nýja brú yfir Þjórsá skammt ofan við fossinn Búða og yfir á Landveg (26). Gert verður nýtt einbreitt hringtorg á Þjórsárdalsvegi fyrir tengingu við Búðafossveg.

Vegarkaflinn frá Þjórsárdalsvegi að Þjórsá verður um 2,2 km langur. Þaðan verður vegurinn á 140 m langri fyllingu að nýrri brú yfir Þjórsá. Brúin verður 204 m löng. Frá brúnni að bakkanum sunnan megin verður svo lagður 50 m fyllingarkafli. Vegkaflinn frá Þjórsá að Landvegi verður um 5 km langur. Vegamótin við Landveg verða hefðbundin T-vegamót, afmörkuð með yfirborðsmerkingum. Breikkun (framhjálaup) verður gerð á Landvegi þannig að hægt sé að komast fram hjá bílum sem beygja til vinstri af Landvegi inn á Búðafossveg. Frá Búðafossvegi verða tengingar við námusvæði Búðanámu, fiskeldisstöðina að Laugum, og bæina Vindás og Minni Velli

Búðafossvegur verður byggður samkvæmt vegflokki C8 með tveimur 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum beggja megin. Heildarbreidd vegar er því 8,0 m. Skiltaður hámarkshraði vegarins verður 90 km/klst og áætluð umferð um veginn er um 500 bifreiðar á dag. Vegsvæði vegarins verður 40 m breitt, 20 m frá miðlínu í hvora átt. Yfirborð vegarins verður klætt fyrir utan hringtorgið sem verður malbikað.




MYND 2.1 Veglína Búðafossvegur og tengivegir.

2.2.2 Brú

Yfir Þjórsá verður byggð 204 m löng tvíbreið stálbitabrá með steypu gólfi. Brúin verður í 5 m hæð yfir vatnsyfirborði árinna og í fimm höfum; tveimur 36 m löngum og þremur 44 m löngum höfum. Heildarbreidd brúar verður 11 m.

Frá nyrðri bakka Þjórsár að sjálfri brúnni verður Búðafossvegur á um 140 m langri fyllingu út í á. Fyllingar í Þjórsá verða grjótvörðar Tölvugerð mynd af fyrirhugaðri brú er sýnd á mynd 2.2

Á byggingartíma brúarinnar verða byggðir tímabundnir varnargarðar út í ána þannig að hægt sé að steypa sökkla og stöpla. Borað verður fyrir stálörum undir brúarstöplana út í ánni. Varnargarðar norðan megin verða fjarlægðir áður en varnargarðar sunnan megin verða byggðir. Umhverfis millistöplana verður grjótvörn sem að jafnaði verður undir vatnsborði við meðalrennsli árinna.



MYND 2.2 Fyrirhuguð brú yfir Þjórsá. Séð frá bakkanum sunnanmegin árinna.

2.2.3 Efnistaka

Áætluð efnispörf í verkið er tæplega 350.000 m³. Efnið verður fengið frá fjórum efnistökusvæðum og skeringum. Meirihluti efnis, 212.707 m³, verður uppgrafið efni úr frárennisskurði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Um 52.000 m³ efni verður sótt í Búðanámu (E13) og er það eina nýja náman sem opnuð verður vegna framkvæmdanna. Búðanáma verður staðsett rétt vestan fyrirhugaðs

Búðafossvegur, á norðurbakka Þjórsár. Að námunni verður lagður slóði. Við upphaf framkvæmda verður auk þess um 11.350 m³ af grjóti til rofvarna og síulagi sem nota á í varnargarðar í Þjórsá fengið úr grjótnámu í Klapparholti (Syðra Langholti 4, E31). Ef þörf verður á verður hægt að nálgast fyllingarefni úr námu í Þjórsá við Þverá (E26). Áætluð efnistaka er um 8.000 m³ og ef af verður mun efnið verða nýtt til slóðagerðar frá Þjórsárdalsvegi niður að Búðanámu. Jafnframt er reiknað með að 32.850 m³ fáiist úr skeringum, aðallega sunnan Þjórsár.

Fyrirspurn um matsskyldu vegna stækkunar Búðanámu úr 50.000 m³ í 60.000 m³ var send til Skipulagsstofnunar í byrjun árs 2025 og var niðurstaða stofnunarinnar sú að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum¹. Auk þess hafa umhverfisáhrif Hvammsvirkjunar, þ.m.t. frárennisskurðar, verið metin². Framkvæmdaaðili mun sækja um rekstrarleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir þær námur sem ekki hafa gildandi rekstrarleyfi.

2.2.4 Frágangur

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi námu, vegkanta, fyllinga og skeringa. Leitast verður við að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og efnistökusvæði verði ekki höfð opin lengur en nauðsyn krefur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi í samræmi við gróður í nágrenninu. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

2.2.5 Vinnubúðir

Ef verktaki setur upp vinnubúðir verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglugerðum sem um vinnubúðir gilda.

2.2.6 Rekstur

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur Búðafossvegjar. Framkvæmdir sem tengjast rekstri vegjarins eru m.a. viðhald og snjómokstur. Jafnframt tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

Viðhald og rekstur á Búðafossvegi mun fylgja þeim stöðlum og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokki og umferð. Samgönguráðuneytið ákvarðar um snjómokstursreglur.

¹ Matsskylduákvörðun Skipulagsstofnuna: [Matsskylduákvörðun Stækkun Búðanámu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi](#)

² Mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar: <https://hvaumur.landsvirkjun.is/>.

2.3 Framkvæmdartími

Miðað við núverandi stöðu mála er áætlað er að bjóða verkið út veturinn 2025-2026 og að framkvæmdir geti hafist um mitt ár 2026. Áætluð verklok eru veturinn 2028-2029.

2.4 Staðsetning og staðhættir

2.4.1 Vegsvæði

Búðafossvegur verður tenging milli sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Þjórsá markar skil sveitarfélaganna. Tenging Búðafossvegar við Þjórsárdalsveg verður vestan við veltengingu að Árnesi. Þaðan mun vegurinn liggja frá Þjórsárdalsvegi (nr. 32) til suðurs um land Réttarholts og Minna-Hofs, um nýja brú yfir Þjórsá og þaðan um land Vindáss og Minni-Valla að Landvegi (nr. 26).

Veglínan frá Þjórsárdalsvegi að Þjórsá mun fara um gróið óræktað land, mólendi að mestu. Frá Þjórsá að Landvegi mun hann fara um gróið mólendi og mýrlendi. Á 2.3 má sjá yfirlit yfir hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Mynd 2.4 sýnir og noður- og suðurenda framkvæmdasvæðisins, þ.e. staðsetningar fyrirhugaðra tenginga Þjórsárdalsvegar og Landvegar við Búðafossveg.

Búrfellslína 3 þverar landið norðan Þjórsár.



MYND 2.3 Horft til norðvesturs yfir framkvæmdarsvæðið frá Rangárþingi yfir í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Neðst á mynd er bærinn Vindás.



MYND 2.4 Til vinstri: Norðurendi framkvæmdasvæðis, tenging Búðafossvegjar við Þjórsárdalsveg, horft til suðurs frá Þjórsárdalsvegi. Til hægri: Suðurendi framkvæmdasvæðis, tenging Árnesvegjar við Landveg, horft til norðurs frá Landvegi.

2.4.2 Brúarstæði

Brú verður byggð yfir Þjórsá á milli jarðanna Minna-Hofs og Vindáss. Brúin kemur til með að þvera ána á svokölluðu Hofsvaði, sem er um kílómeter ofan við Búðafoss. Á mynd 2.1 má sjá fyrirhugað brúarstæði.



MYND 2.5 Fyrirhugað brúarstæði við Þjórsá. Mynd er tekin sunnan megin árinna í norður.

2.5 Valkostir

Veglínan

Við val staðsetningu Búðafossvegar var sérstaklega hafður til hliðsjónar vilji eigenda þeirra jarða sem vegur mun liggja um og áhrif hans á umhverfið.


Alls hafa sjö veglínur hafa verið teknar til skoðunar fyrir staðsetningu Búðafossvegar. Þessar veglínur (tillögur) eru sýndar á mynd 2.6. Í matsskyldufyrirspurn frá 2009 var fjallað veglínurnar. Tillögur 1-4 lágu austan við bæjarstæði Vindáss. Landeigendum á Vindási hugnaðist ekki sú staðsetning og því var horfið frá þeim hugmyndum. Tillaga 5 lá vestar í landi Vindáss, um votlendissvæði á milli tveggja jökulgarða. Vegna þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem vegaframkvæmdir í votlendinu hefðu valdið kom sú tillaga ekki til greina. Í tillögu 6 var veglínan færð austur fyrir votlendið. Ábúendum á Vindási líkaði ekki sá kostur þar sem að vegurinn færi um stórt tún fyrir miðbiki jarðarinnar og yfir mikilvægt ræktunarsvæði sunnar á jörðinni. Auk þess lá veglínan of nálægt bænum og myndi kljúfa jörðina í sundur. Af þessum sökum var horfið frá valkosti 6. Tillaga 7 er sú tillaga að veglínunni sem þessi matsskyldufyrirspurn tekur mið af (appelsínugul lína á mynd 2.6). Hún sveigir mun vestar í landi Vindáss en fyrri tillögur, fer yfir votlendið nyrst, vestur fyrir vestari jökulgarðinn og liggur meðfram honum í suður uns hún sveigir aftur í suðaustur yfir báða jökulgarðana yfir votlendið syðst í landi Vindáss og suður mólendið í landi Minni-Valla. Að teknu tilliti til áhrifa á umhverfið og vilja landeigenda er þessi veglína besti kosturinn.

Brú

Upphaflega átti ný brú yfir Þjórsá að vera 160 m löng en til að lágmarka áhrif á Þjórsá var brúin lengd í 204 m og er það sú lengd sem miðað er við í þessari matsskyldufyrirspurn (viðauki A og B).

Núllkostur

Við mat á áhrifum eru umhverfisáhrif borin saman við núllkost, þ.e. að engin vegur verði lagður og engin brú byggð yfir Þjórsá.



MYND 2.6 Valkostir sem skoðaðir hafa verið fyrir staðsetningu Búðafossvegar. Appelsínugul lína sýnir þann kost sem hefur verið valinn og sem fjallað er um í þessari matsskyldufyrirspurn.

2.6 Skipulag

2.6.1 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um sjálfbærar samgöngur þar sem segir að „[s]kipulag [skuli fela] í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýl með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta“. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á milli aðliggjandi sveitarfélaga og er það í samræmi við Landsskipulagsstefnu.

2.6.2 Aðalskipulag Rangárbings ytra

Frá árinu 2016 hefur Búðafossvegur verið sýndur á aðalskipulagsuppdraetti sveitarfélagsins Rangárbings ytra 2016-2028 auk þess sem gerð er grein fyrir honum í gildandi skipulagsgreinargerð [1]. Veglínán á skipulagsuppdraetti er í samræmi við þá veglínu sem þessi greinargerð tekur til (sjá mynd 2.6, *Veglína-Tillaga 7*). Framkvæmdasvæðið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Í aðalskipulagi er sett fram stefna um að „[b]ættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu“. Lagning Búðafossvegar er í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.

2.6.3 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Búðafossvegur hefur verið sýndur á aðalskipulagsuppdraetti sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá árinu 2017 auk þess sem gerð er grein fyrir honum í gildandi skipulagsgreinargerð [2]. Veglínán á skipulagsuppdraetti er í samræmi við þá veglínu sem þessi greinargerð tekur til (sjá mynd 2.6, *Veglína-Tillaga 7*). Framkvæmdasvæðið á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Í aðalskipulagi er sett fram markmið um að „[b]ættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu“. Lagning Búðafossvegar er í samræmi við markmið aðalskipulagsins.

Í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er gerð grein fyrir Búðanámu (efnistökusvæði E13). Í september 2025 var samþykkt breyting á aðalskipulagi þar sem efnistaka var aukin úr 50.000 m³ í 60.000 m³. Einnig er gerð grein fyrir efnistökusvæði í Guðmundareyri/Fauskásalæmi (E31) í landi Syðra Langholts 4 þaðan sem 11.350 m³ af grjóti og síulagi verður fengið. Aðalskipulag heimilar efnistöku upp á 45.000 m³. Einnig er mögulegt að 8.000 m³ af efni verði fengið úr Hagalóni (E26) og nýtt fyllingarefni til slóðagerðar. Aðalskipulag heimilar efnistöku upp á 500.000 m³ úr Hagalóni.

Í aðalskipulagi er „[l]ögd áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis“ og að „[e]fnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi...“. Efnistaka vegna lagningar Búðafossvegar samræmist þessum markmiðum.

2.6.4 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið *Árnes og Réttarholt* sem staðsett er suður af Þjórsárdalsvegi. Í deiliskipulagsbreytingu fyrir svæðið frá árinu 2012 er gerð grein fyrir Búðafossvegi. Deiliskipulagið gerir einnig ráð fyrir nýju hringtorgi á Þjórsárdalsvegi sem tengist Búðafossvegi.

2.7 Leyfisveitingar

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- *Framkvæmdaleyfi*: Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra veita framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- *Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands*: Skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 skal sækja um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits vegna uppsetningar á tímabundinni aðstöðu, svo sem vinnubúðum.
- *Leyfi Fiskistofu*: Leita þarf leyfis Fiskistofu vegna framkvæmda í og við Þjórsá skv. 33. gr laga um lax- og silungaveiði nr. 61/2006, með síðari breytingum.
- *Leyfi Minjastofnunar*: Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er óheimilt að raska fornminjum nema með leyfi Minjastofnunar.

3 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

3.1 Matsskylda framkvæmdar

Fyrirhuguð er lagning nýs vegar, lengri en 5 km. Samkvæmt tölulið 10.08 í fyrsta viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur þessi framkvæmd í flokk B sem þýðir að hún er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Fyrirspurn um matskyldu vegna framkvæmdarinnar var upphaflega send inn til Skipulagsstofnunar árið 2009. Samkvæmt þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/200 var aðeins efnistaka vegna vegagerðarinnar fyrirspurnarskyld. Í fyrirspurninni var jafnframt var gerð grein fyrir sjö mögulegum veglínnum Búðafossvegar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi mat er unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrif framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Töflurnar að neðan gefa yfirlit yfir hugtök sem notuð eru við mat á einkennum og vægi umhverfisáhrifa:

TAFLA 3.1 Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
Bein áhrif	Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd muni hafa á tiltekna umhverfisþætti.
Óbein áhrif	Áhrif á umhverfisþætti sem ekki eru bein afleiðing framkvæmdar. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem þó má rekja til framkvæmdarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.
Jákvæð áhrif	Áhrifa framkvæmdar sem talin eru til bóta fyrir umhverfið á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau séu talin verða til bóta.
Neikvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru skerða eða rýra gildi tiltekins eða tiltekinnna umhverfisþátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu riski.
Varanleg áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. með tilliti til æviskeiðs núlifandi manna og komandi kynslóða.
Tímabundin áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár.
Afturkræf áhrif	Áhrif framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
	a.m.k. tímaskala núlifandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki.
Óafturkræf áhrif	Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfispáttir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar sem ekki er raunhæft eða unnt að afturkalla.
Samlegðaráhrif	Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað um svokölluð samvirk og sammögnuð áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfispátt eða tiltekið svæði.
Umtalsverð umhverfisáhrif	Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

TAFLA 3.2 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin áhrif	Engin áhrif af framkvæmd eða áætlun á umhverfispátt/-þætti.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

3.2 Umhverfispættir

Þeir framkvæmdaþættir sem geta haft áhrif á umhverfið eru vegagerðin og brúarsmíðin. Með hliðsjón af þessum þáttum er framkvæmdin talin hafa áhrif á eftirtalda umhverfispætti, bæði á framkvæmdartíma og rekstrartíma, og verður fjallað um þau áhrif í þessari greinargerð:

- Landslag og ásjúnd
- Gróðurfar
- Fuglalíf
- Jarðmyndanir
- Vatnshlot
- Náttúruminjar
- Menningarminjar
- Samfélag

3.3 Landslag og ásýnd

Samkvæmt flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landvísu sem unnin var í tengslum við Landsskipulagsstefnu er landslag á fyrirhuguðu framkvæmdasvæðið flokkað sem *gróið undirlendi* [3]. Um landslag uppsveita Árnessýslu stendur sérstaklega:

„Láglendi í um 50 til 200 m hæð yfir sjávarmáli. Land er fremur flatt með stökum móbergshryggjum og hæðum. Yfirborð er vel gróið, aðallega ræktað land, votlendi og skóglendi. Stórar ár hlykkjast eftir landinu, Hvítá og Þjórsá, og nokkur smærri vötn eru innan svæðis. Svæðið er eitt mesta landbúnaðarsvæði landsins og hefur land víða verið framræst og afgirt. Byggð er þétt í dreifbýli, bæði sveitabær og sumarhúsabyggðir, auk smærri þéttbýlisstaða. Margir af vinsælustu ferðamannastöðum landsins eru innan svæðisins, t.d. Gullfoss og Geysir.“ [3]


Ásýnd svæðisins einkennist af ræktuðu landi og mólendi, auk þess sem Þjórsá setur svip sinn á landið. Sunnan Þjórsár eru nokkrir bær í nálægð við fyrirhugað vegstæði og malarvegir. Norðan árinna liggja raflínur og slóðar. Að öðru leyti er land að mestu óraskað. Myndir 2.3 og 2.5 sýna landslagið á svæðinu.

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag og ásýnd þar sem um nýjan veg og nýja brú er að ræða (sjá myndir 3.1 og 3.2). Gera þarf skeringar og fyllingar í landið til að fá góða hæðarlegu á veginn. Gengið verður þannig frá vegsvæðum að þau falli vel að landinu.

Vegir, raflínur, bær og tún setja svip sinn á landið. Land er því ekki viðkvæmt fyrir breytingum. Framkvæmdin felst í hefðbundinni vegagerð, alls 7,4 km leið, og brúargerð. Um er að ræða varanleg mannvirki. Vegurinn og brúin munu þó ekki rísa hátt í landi og verða því ekki áberandi í landslaginu. Umfang áhrifa er því ekki talið mikið.



MYND 3.1 Líkanmynd sem sýnir fyrirhugaða brú yfir Þjórsá, séð frá syðri bakka árinna í norðvesturátt. Mynd: EFLA.



MYND 3.2 Líkanmynd sem sýnir fyrirhugað hringtorg við Þjórsárdalsveg og veglínu Búðafossvegar, til suðurs. Mynd: EFLA.

3.3.1 Niðurstöður

Framkvæmdaraðili metur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd verði **óveruleg**.

3.4 Gróðurfar

Norðan Þjórsár, frá Þjórsárdalsvegi, mun hin nýja veglína Búðafossvegar fara yfir mosagróid mólendi á tæplega 2 km kafla. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands fer vegurinn um mosamóavist (L10.1) á þeim kafla. Næst ánni, á 200 m kafla, er landið sléttara og meira grasi vaxið og er ríkjandi vistgerð víðikjarrvist (L10.10). Verndargildi mosamóavistar er lágt en víðikjarrvist hefur hátt verndargildi og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar [4].

Sunnan Þjórsár breytist gróðurlendið nokkuð. Það er keimlíkt næst bakkanum beggja megin en sunnar liggur veglínan vestan við votlendisfláka sem teygir sig í suður beggja megin jökulgarðs í landi jarðarinnar Vindáss. Votlendisvistgerðir eru starungsflóavist (L8.12), starungsmýravist (L8.9) og runnamýravist á láglendi (L8.6) sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar [4]. Votlendið er stærra en 20.000 m² og fellur því undir sérstaka vernd náttúrufyrirbæra skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Leitast hefur verið við að staðsetja veglínu Búðafossvegar í jaðri votlendissvæðis þannig að áhrif á votlendi séu lágmarkuð. Jafnframt verður greftri skurðað með veginum haldið í lágmarki og ræsi lagt undir veginn til að lágmarka áhrif á vatnsbúskap votlendisins.


Veglínan sveigir svo nokkuð í suðaustur yfir skarð í jökulgarðinum og því næst í suður eftir að hún kemur að mólendissvæði í landi Minni-Valla sem nær alveg að Landvegi. Ríkjandi vistgerðir eru víðikjarrvist (L10.10) sem hefur mjög hátt verndargildi og grasmóavist (L10.4) sem hefur hátt verndargildi.

Vistgerðirnar eru báðar á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar [4]. Mynd 3.3 sýnir vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Áhrif á gróður og vistgerðir verða fyrst og fremst bundin við það svæði sem fer undir veg. Heildarflatarmál þess er 5,92 ha. Öllu raski umfram það verður haldið í lágmarki og lögð áhersla á að landi verði hvergi raskað utan framkvæmdasvæðis á verktíma. Við lok framkvæmda verður sáð í vegkanta og vegfláa gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Uppgræðsla verður í samræmi við leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli.

3.4.1 Niðurstöður

Lagning Búðafossvegar kemur til með að hafa bein og varanleg áhrif á gróðurfar, m.a. vistgerðir sem njóta verndar og lítt raskað votlendi. Þessi áhrif eru þó fyrst og fremst bundin við það svæði sem fer undir veg sem samsvarar 5,92 ha og verður öllu raski umfram það haldið í lágmarki. Jafnframt hefur verið leitast við að staðsetja veg þannig að áhrif á votlendi séu lágmarkuð. Að teknu tilliti til þessa er það mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni hafa **nokkuð neikvæð** áhrif á gróðurfar.



MYND 3.3 Vistgerðir við fyrirhugað framkvæmdasvæði Búðafossvegar samkvæmt vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

3.5 Fuglalíf

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er á svæði sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði og kallast *Suðurlandsundirlendið*. Um svæðið segir:

„Suðurlandsundirlendi, frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði er afar gróskumikið og fjölbreytt, þrátt fyrir að mest öllu votlendi hafi verið spillt með framræslu. Á svæðinu er mikið fuglalíf, m.a. afar þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Farfuglar dvelja þar hópum saman vor og haust og eins er töluvert fuglalíf á vetrum við auðar ár og vötn og hin síðari ár á kornökrum. Suðurlandsundirlendið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álft og skúm og á fartíma fyrir álft, heiðagæs, blesgæs og grágæs.“ [5].

Fuglalíf á framkvæmdarsvæðinu einkennist af mófuglategundum. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2002 sem gerð var í tengslum við virkjanaáform í Þjórsá er gerð grein fyrir fuglalífi á svæðinu. Þar kemur fram að algengustu varpfuglarnir séu þúfuttlingur, heiðlóa og spói, og að þéttleiki varpfugla sé mestur í votlendi og mólendi. Á fartíma eru gæsir algengar á túnnum, aðallega heiðagæsir en einnig blesgæsir, grágæsir og helsingjar. Grágæs er einnig algengur varpfugl við Þjórsá [6].

Yfirstandandi er fuglarannsókn á vegum Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í Þjórsár. Sumarið 2024 var gerð forkönnun á fuglalífi með talningum, auk þess sem fuglar voru merktir með rafeindatækjum. Austan við Þjórsá voru aðallega heiðlóur og spóar en vestan við ána fannst mest af hrossagaukum, þúfuttlingum og skógarpröstum [7].

Búast má við því að fuglar, og þá helst varpfuglar, verði fyrir truflunum af völdum vinnuvéla á framkvæmdatíma og mögulega vegna bílaumferðar á rekstrartíma. Jafnframt munu fyrirhugaðar framkvæmdir valda búsvæðatapi sem samsvarar vegstæði vegarins, en það svæði er þó fremur umfangslítið.

3.5.1 Niðurstöður

Vegaframkvæmdir munu hafa áhrif á fuglalíf á svæðinu en gera má ráð fyrir að áhrifin verði mest tímabundin á meðan á framkvæmdum stendur. Þó má einnig gera ráð fyrir búsvæðatapi sem nemur beinu raski vegna vegagerðar (5,92 ha), en þetta svæði er ekki umfangsmikið.

Framkvæmdaraðili metur að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði **nokkuð neikvæð**.

3.6 Jarðmyndanir

Hin svokallaða Búðaröð liggur frá Búðafossi í Þjórsá og austur yfir Holt. Búðaröðin er röð jökulgarða sem mynduðust að hluta til við framrás Suðurlandsjökulsins í ísaldarlok. Tveir vel greinanlegir jökulgarðar eru í landi Vindáss sem liggja í norður-suður stefnu. Á milli jökulgarðanna er um 150-200 m breið votlendistunga. Eftir framrás jökulsins, fyrir um 10.000 árum, varð gífurlegt jökulhlaup í Þjórsá og þar á eftir fylgdi mikið sandblástursskeið. Ummerki þess eru sandskaflar og foksandslög. Í kjölfar sandblástursskeiðsins rann Þjórsárhraunið mikla, fyrir um 8600 árum, niður með farvegi Þjórsár, breiddi úr sér yfir Landsveit og flæddi yfir í Gnúpverjahrepp.

Veglína Búðafossvegur kemur til með að liggja vestan við og meðfram vestari jökulgarðinum en sveigir svo suðaustur um skarð í austari jökulgarðinum og síðan suður er nær dregur Landvegi. Áhrif á jökulgarðmyndanirnar verða ekki miklar og einkum í formi skeringa þar sem vegurinn fer um skarðið í austari jökulgarðinum.

Framkvæmdasvæði Búðafossvegur liggur allt á Þjórsárhrauni. Meðalþykkt hraunsins er um 25 m í Landsveit, sunnan Þjórsár og 16 m í Gnúpverjahreppi, norðan árinna. Þjórsárhraun er forsögulegt hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hraun eru hins vegar ekki yfirborðslæg í og við væntanlegt vegstæði. Í umsögn Náttúruverndarstofnunar við matsskyldufyrirspurn vegna Búðanámu kom fram að „eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar“. Samkvæmt jarðkönnun sem gerð hefur verið á fyrirhuguðu vegstæða er jarðvegslag almennt um nokkurra metra þykkt ofan á hrauninu. Vegagerðin mun ekki hafa sýnileg áhrif á hraunlög Þjórsárhrauns.

3.6.1 Niðurstöður

Að teknu tilliti til umfangs áhrifa er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndanir séu **óveruleg**.

3.7 Vatnshlot

Straumvatnshlot

Vegna framkvæmdarinnar vann Hafrannsóknastofnun áhrifamat vatnshlota í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 þar sem fjallað var um áhrif á straumvatnshlot (viðauki C). Vega- og brúargerðin mun hafa bein áhrif á straumvatnshlotið *Þjórsá 1* (nr. 103-663-R) og gæti haft óbein áhrif á straumvatnshlotin *Minnivallalæk* (103-760-R), *Þverá* (103-895-R), *Sandá* (103-907-R), *Fossá 1* (103-842-R) og *Fossá 2* (103-842-R) sem renna í Þjórsá ofan við brúarstæðið vegna mögulegrar tálmunar fyrir göngufiska. Í töflu 3.3 er yfirlit yfir vatnshlotin. Engin verndarsvæði sem byggja á tilvist vatns eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Lífríki í *Þjórsá 1* hefur verið metið í mjög góðu vistfræðilegu ástandi en vatnsformfræði árinna, þ.e. rennsli, samfella og formfræði hennar, hefur verið raskað. Þrátt fyrir það telst vatnshlotið *Þjórsá 1* vera í góðu ástandi m.t.t. vatnsformfræði. Efnafræðilegt ástand *Þjórsár 1* er gott skv. Vatnavefsja.

Vistfræðilegt ástand *Minnivallalækjar* hefur ekki verið metið en umhverfismarkmið fyrir það er gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand.

Þverá, *Sandá* og *Fossá 2* eru flokkaðar sem vatnshlot í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Þó er í Vatnavefsja benti á að áreiðanleiki flokkunar sé lítill þar sem gögn skorti til að styðja við ástandsflokkunina. Vistfræðilegt ástand *Fossár 1* er hins vegar óþekkt og er vatnshlotið á bráðabirgðalista yfir mikið breytt vatnshlot.

TAFLA 3.3 Vatnshlot sem geta orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af framkvæmdinni. Vatnshlotin eru öll straumvatnshlot.

VATNSHLOT	VATNSHLOTANÚMER	VATNAGERÐ	LENGD VATNSHLOTS (KM)	BEIN/ÓBEIN ÁHRIF
Þjórsá 1	103-663-R	RG – jökulá	95	Bein
Minnivallalækur	103-760-R	RL2 – bergvatnsá á yngri berggrunni án áhrifa af jöklu og votlendi á vatnasviði	14	Óbein
Þverá	103-895-R	RL2	35	Óbein
Sandá 1	103-907-R	RL2	17,5	Óbein
Fossá 1	103-842-R	RG	3,5	Óbein
Fossá 2	103-944-R	RL2	24	Óbein

Í Þjórsá lifa allar þær fisktegundir sem algengar eru í fersku vatni á Íslandi, þ.e. lax, urriði, bleikja, hornsíli og áll. Fiskstigi var byggður við fossinn Búða í Þjórsá árið 1991 sem opnaði fyrir göngur og uppeldi göngufiska allt að Þjófafossi og Búrfellsstöð. Þjórsá fórstrar einn stærsta laxastofn á Íslandi og benda seiðarannsóknir til þess að svæðið við fyrirhugað brúarstæði sé gjöfult uppeldissvæði fyrir seiði laxfiska. Nokkru ofan við brúarstæðið hefur þéttleiki laxaseiða vaxið á síðari árum. Lax og urriði ganga um fyrirhugað framkvæmdasvæði, bæði seiði og fullorðinn fiskur, og í Þverár ofan þess til hrygninga (viðauki C). Fyrirhuguð er uppbygging nýrrar virkjunar um 4-5 km ofan við fyrirhugað brúarstæði. Virkjunin mun hafa í för með sér miklar breytingar á vatnsformfræði og lífríki á stórum kafla í *Þjórsá 1*. Í farveginum við brúarstæðið verður rennsli Þjórsár þó óskert og er vega- og brúarstæðið neðan við það svæði sem verður fyrir mestri röskun af fyrirhugaðri Hvammsvirkjun.


Ný brú yfir Þjórsá munu hafa áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti og líffræðilega gæðapáttinn fiska:

- **Vatnsformfræðilegir gæðapættir:** Brúarframkvæmdin mun hafa áhrif á rennslishraða um brúarstæði á framkvæmdartíma og eftir að framkvæmdum lýkur. Breytingar á rennslishraða hefur áhrif á rofmátt árinna og það er fyrir sjáanlegt að hann eykst í brúarstæðinu en minnkar líklega hlémegin við nyrðri enda brúarinnar (mynd 3.4). Þar má gera ráð fyrir setmyndun eftir að brúin verður fullgerð. Grjótvörn verður við brúarstöplana til að verja þá fyrir rofi. Á framkvæmdartíma má búast við auknu gruggmagni í Þjórsá neðan brúarstæðisins, bæði vegna framkvæmda við gerð varnargarða, borana og vegna breytinga á straumlagi sem getur valdið rofi á bökkum árinna (viðauki C).
- **Líffræðilegir gæðapættir – Fiskur:** Göngufiskur, sem í þessu tilfelli eru laxfiskar, er viðkvæmur fyrir auknum rennslishraða sem getur tafið fiskgöngur og jafnvel tekið fyrir þær. Eftir ábendingu frá Hafrannsóknastofnun var hönnun brúarinnar breytt og hún lengd til að lækka rennslishraða í brúarstæðinu. Miðað var við að rennslishraði um brúarstæði yrði ekki takmarkandi fyrir laxgöngu og var 2,1 m/s notað sem viðmið. Það er í samræmi við upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun og viðmið sem notuð eru í Noregi [8]. Núverandi hönnun gerir ráð fyrir að brúin verði 204 m á lengd en upphaflega var áformað að hún yrði 160 m. Það er ljóst að rennslishraði árinna í brúarstæðinu verður hærri en við óbreyttar aðstæður (2,1 m/s í stað 1,5 m/s) og getur það tafið fiskgöngur (viðauki C).

Vega- og brúargerðin gæti haft óbein áhrif á fisk í Minnivallalæk, Þverá, Sandá og Fossá sem renna í Þjórsá ofan við fyrirhugaða brú, og þá helst ef rennslishraði undir brúnni reyndist meira en líkanreikningar gera ráð og meiri en það sem skilgreint hefur verið sem

hámarksrennslis hraði fyrir göngu laxfiska. *Fossá 1* er nú þegar undir beinum áhrifum af útfalli Búrfellsvirkjunar sem í hana rennur og verði framkvæmdir við Hvammsvirkjun að veruleika verða vatnshlotin *Pverá* og *Sandá 1* undir beinum áhrifum af þeirri framkvæmd (viðauki C).

Á framkvæmdartíma þarf að gera varnargarða út í ána til að hægt sé að byggja brúarstöplana og brúargólfið. Framkvæmdin krefst þess að farvegur árinna verði þrengdur tímabundið. Tímabundnir varnargarðar munu ekki hafa varanleg neikvæð áhrif á fiskgengd í Þjórsá.



MYND 3.4 Mynd A sýnir útreiknaðan straumhraða við brúarstæðið miðað við óraskaðar aðstæður við 420 m³/s (meðalrennslisli að sumri). Mynd B sýnir útreiknaðan straumhraða á sama stað og sama rennslis hraða eftir að 204 m löng brú hefur verið byggð. Mynd: Verkís, 2024 (viðauki A).

Í Þjórsá hefur lífríki aukist vegna jafnara rennslis og minni jökulframburðar. Lax nam land í Þjórsá ofan Búða eftir að fiskvegur var gerður í Búðafoss árið 1991. Þetta svæði er nú fullnumið laxi. Ofan við fossinn Búða er lítið af sjógegnum urriða en hann er að finna neðan við Búðafoss. Fiskvegurinn í Búðafoss var hannaður fyrir lax þannig að smærri fiskur á þar erfitt uppgöngu. Viðamiklar rannsóknir hafa farið fram um áratuga skeið í Þjórsá m.a. vegna virkjanaáforma þar. Þetta eru rannsóknir á botndýrum og fiskum auk þess sem að eðlis- og efnafræðilegir þættir hafa verið mældir.

Fyrir liggur leyfi Fiskistofu um framkvæmdirnar við Búðafossveg og þá aðallega vegna brúargerðar yfir Þjórsá (viðauki D). Þar er kveðið á um rannsóknáætlun vegna göngu laxa upp fyrir brúarstæði vegarins. Vegna Hvammsvirkjunar hafa farið fram rannsóknir þar sem laxar voru merktir með útvarpsmerkjum og ganga þeirra var kortlögð. Samkvæmt áætlun frá Hafrannsóknastofnun um frekari rannsókn á göngum laxa upp fyrir brúarstæðið var gerður samningur við stofnunina (viðauki E). Sú rannsókn nýtist bæði vegna framkvæmda við brúargerðina og einnig vegna Hvammsvirkjunar. Ekki eru líkur til að brúin muni tefja fiskgöngur en úr því fæst skorið með þessum rannsóknum sem standa bæði fyrir, á meðan og eftir framkvæmdir við brúna. Seiðabúskapur Þjórsár hefur verið vaktaður í áratugi. Sú vöktun mun halda áfram bæði vegna vegagerðarinnar og einnig vegna uppbyggingar Hvammsvirkjunar (viðauki F). Brúargerðin mun hafa lítil áhrif á seiðabúskap og botndýr í Þjórsá.

Grunnvatnshlot

Búðafossvegur kemur til með að liggja um grunnvatnshlotin *Tungnárhraun* (103-308-G) og *Gíslholtsvötn* (103-44-G). Magnstaða og efnafræðilegt ástand beggja grunnvatnshlotanna er óþekkt. Grunnvatnsstaða er nokkuð há á köflum á framkvæmdasvæðinu, einkum í landi Vindáss sunnan Þjórsár. Leitast verður við að framrás grunnvatns verði fyrir sem minnstu hnjaski, þar sem hinn nýi

vegur mun liggja á votlendissvæðinu í landi Vindáss. Ræsi verður lagt undir veginn og greftri skurða með veginum haldið í lágmarki. Vatnaskil eru á votlendissvæðinu, um 100 m norðan við þar sem veglínan sveigir suðaustur yfir austari jökulgarðinn. Fyrirhugað vegstæði Búðafossvegar er ekki innan vatnsverndarsvæða eða í nágrenni vatnsbóla og ekki talið að framkvæmdin hafi teljanleg áhrif á grunnvatnshlotin.

Tjarnir

Í miðju landi Vindáss eru tjarnir. Við val á staðsetningu vegstæðis var tekið tillit til vatnafars og kemur ný veglína til með að liggja vestan við tjarnirnar. Vegurinn mun því ekki hafa teljandi áhrif á þær. Stór tjörn á landamörkum Vindáss og Minni-Valla er minnst um 100 m í suðvestur frá miðlínu Árnesvegar og er ekki talin verða fyrir áhrifum af framkvæmdnum.

3.7.1 Niðurstöður

Tilkoma nýrrar brúar yfir Þjórsá mun hafa tímbundin neikvæð áhrif á straumvatnshlotið Þjórsá 1 á framkvæmdatíma vegna varnargarða sem gerðir verða í ánni. Brugðist hefur verið við varanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrartíma brúarinnar með því að lengja hana úr 160 m í 204 m. Að teknu tilliti til ofanritaðs er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot verði **nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en óveruleg á rekstrartíma**.

3.8 Náttúruminjar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki á Náttúruminjaskrá. Viðey í Þjórsá er friðlýst sem náttúruvætti og er eyjan það friðlýsta svæði sem næst er framkvæmdasvæðinu, í um 7 km fjarlægð. Vegaframkvæmdirnar og efnistakan koma ekki til með að hafa áhrif á það svæði.

3.8.1 Niðurstöður

Að mati framkvæmdaraðila eru áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar **óveruleg**.

3.9 Menningarminjar

Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Búðafossvegar voru upphaflega skráðar árið 2009. Vegna breyttra krafna um skráningu fornleifa og breytingar sem orðið hafa á veglínu Búðafossvegar hafa fornleifar verið endurskráðar. Sú skráning fór fram á árunum 2022–2024 og var gerð af Fornleifastofnun Íslands. Alls voru skráðar 18 fornleifar á 16 minjastöðum (mynd 3.6). Þar af voru 13 þekktar úr eldri skráningum. Allir staðirnir teljast til fornleifa og njóta því verndar, en minjagildi þeirra er misjafn. Í viðauka I er yfirlit yfir skáðar minjar. Allar fornleifar voru metnar í stórhættu vegna framkvæmda, utan Hofvaðs sem er horfið.

Minjastofnun Íslands setti fram kröfur um mótvægisáðgerðir vegna þeirra fornleifa sem munu raskast sem fólust í gerð könnunarskurða og fullnaðargrefti á tóft. Áætlað var að grafa sex könnunarskurði í sex mismunandi minjastaði auk þess að mynda sex aðra minjastaði með flygildi, á þremur jörðum;

Skafttholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Vindási og Minni-Völlum í Rangárþingi ytra. Einn minjastaðanna sem grafa átti í reyndist ekki vera fornleif og því voru grafnir fimm skurðir á fimm minjastöðum. Mannvistarleifar komu í ljós í fjórum af þessum skurðum. Minjarnar reyndust allar vera nokkuð fornar, byggðar á 10.- 11. öld og líklega komnar úr notkun á 12. öld (viðauki Í). Jafnframt var gerður fullnaðargröftur á stakri tóft í landi Vindáss sem kemur til með að víkja vegna framkvæmdanna (mynd 3.5). Talið er að um heystæði hafi verið að ræða frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Í skýrslu um fornleifarannsóknina kemur jafnframt fram að þekking á heystæðum frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi hafi verið mjög takmörkuð til þessa og því muni sú þekking sem aflað hefur verið koma að góðum notum í framtíðinni sem og veita betri innsýn inn í lífshætti á fyrstu öldum héraðs (viðauki J).



MYND 3.5 Tóft í landi Vindáss í Rangárþingi ytra sem grafin var upp í heild sinni. Tóftin kemur til með að víkja vegna framvæmda við Búðafossveg. Mynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir (viðauki Í).

Framkvæmdaraðili mun fylgja þeim tilmælum og leiðbeiningum sem koma fram í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands og bréfum Minjastofnunar. Fyrirliggjandi er staðfesting Minjastofnunar á því að komið hafi verið til móts við kröfur stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir, þ.e. fornleifaskráningu, gröft prufuskurða í mannvirk og heilgröft á tóft (viðauki K).

3.9.1 Niðurstöður

Framkvæmdin mun hafa áhrif á fornleifar á framkvæmdasvæðinu en að teknu tillit til þeirra mótvægisáðgerða sem að þegar hefur verið ráðist í (könnunarskurða, loftmynda og fullnaðargraftar) er það mat framkvæmdaraðila eru áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar séu **óveruleg**.



©Loftmyndir ehf og Landmælingar Íslands

Skýringar

- Leiðir
- Skráðar fornleifar
- Efnistaka og rannsóknir
- Úttektarsvæði
- veglína

0 0.5 1 1.5 2 km

MYND 3.6 Úttektarsvæði vegna fornleifaskráningar og skráðar fornleifar (viðauki I).

3.10 Samfélag

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á milli sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárbings ytra. Samfara greiðari og styttri samgönguleiðum mun framkvæmdin því að öllum líkindum auka samskipti milli sveitarfélaganna. Bættar samgöngur auka jafnan samstarfsmöguleika og því má vænta ýmissa samlegðaráhrifa.

3.10.1 Niðurstöður

Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á samfélag verði **jákvæð**.

4 MÓTVÆGISADGERÐIR

- **Til að lágmarka áhrif á fiska** var hönnun brúar yfir Þjórsá breytt og hún lengd úr 160 m í 204 m. Við það lækkar rennslishraði í brúarstæðinu. Miðað var við að rennslishraði um brúarstæði yrði ekki takmarkandi fyrir laxgöngu og var 2,1 m/s notað sem viðmið (viðauki A og B). Á framkvæmdatíma verður einnig leitast við að halda óþarfa gruggmyndun í lágmarki og koma efni sem grafið er upp úr árfarvegi þannig fyrir að það valdi ekki gruggi í árvatni í rigningu. Þá verður þess gætt að blaut steypa komist ekki í snertingu við árvatnið né að steypuskol leki út í árvatnið. Að framkvæmdum loknum verður gengið frá brúarsvæði þannig að ekki sé hætt á að lífríki skaðist. Jarðvegssár verða grædd upp.
- **Til að lágmarka áhrif á vatnsbúskap á votlendissvæðum** verða sett ræsi undir veginn svo vatnsstreymi verði sem best.
- Vegagerðin mun stuðla að því að **röskun á landi verði haldið í lágmarki** og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðis á verktíma.
- Við **uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar** um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.
- **Frágangi** á vegskeringum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi.

5 NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT

Tafla 5.1 sýnir samantekt á mati framkvæmdaraðila á áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfispætti sem voru til umfjöllunar í þessari matsskyldufyrirspurn.

TAFLA 5.1 Niðurstöður framkvæmdaraðila.

UMHVERFISÞÁTTUR	NIÐURSTÖÐUR
Landslag og ásýnd	Óveruleg
Gróðurfar	Nokkuð neikvæð
Fuglalíf	Nokkuð neikvæð
Jarðmyndanir	Óveruleg
Vatnshlot	Nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en óveruleg á rekstrartíma
Náttúruminjar	Óveruleg
Menningarminjar	Óveruleg
Samfélag	Jákvæð

Í þessu ferli mun Skipulagsstofnun úrskurða um það hvort að framkvæmdin sé háð fullu mati á umhverfisáhrifum. Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir gangast undir umhverfismat „þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Framkvæmdaraðili telur að slíkt eigi ekki við um þessa framkvæmd, henni fylgja ekki slík umtalsverð umhverfisáhrif.

6. HEIMILDASKRÁ

- [1] „Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028,“ 2018.
- [2] „Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029“.
- [3] Anna Rut Arnardóttir og fleiri., „Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu,“ EFLA og Land Use Consultants, 2020.
- [4] Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj., „Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s,“ 2016.
- [5] Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage, „Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, Fjölrit Náttúrufræðistofnunar,“ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2016.
- [6] Kristbjörn Egilsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir og Starri Heiðmarsson, „Gróður og fuglar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar í Þjórsá við Núp,“ Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 2002.
- [7] Tómas Grétar Gunnarsson og Böðvar Þórisson, „Áhrif framkvæmda á fuglastofna: áætlun rannsókna við Hvammsvirkjun 2025. Óbirt gögn,“ Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, 2025.
- [8] Haugland Ø, „Frie fiskeveger: Utbedring av vandringshinder for fisk. Statens vegvesen, ISSN 1893-1162. 73 bls,“ 2015.

